

Einarssyni borgarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur 30 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. febrúar.

Nr. 41/1913.

Bæjarstjórn og hafnarnefnd
Reykjavíkur
gegn
Th. Krabbe.

D ó m u r :

Í bréfi dags. 9. des. 1911 fór borgarstjóri Reykjavíkur Páll Einarsson þess á leit við Stjórnarráðið, að það veitti samþykki sitt til þess, að Th. Krabbe landsverkfræðingur léti honum í té aðstoð sína við samninga um hafnargerð í Reykjavík við útlendan verkfræðing, sem þá var hér staddur, og í bréfi dags. 14. s. m. tilkynti Stjórnarráðið borgarstjóra, að hann mætti vænta aðstoðar nefnds verkfræðings við samninga um hafnargerð hér í bænum, og skyldi snúa sér til hans í því efni. Það varð þó ekki af samningum við hinn útlenda verkfræðing með því að bæjarstjórnin samþykkti á fundi 28. des. s. á., að bjóða út eða auglýsa hafnargerðina til undirboðs, og fól hafnarnefndinni að annast undirbúning og framkvæmd útboðsins, en nefndin ákvað á fundi sínum 5. janúar 1912, að beiðast aðstoðar Th. Krabbe verkfræðings við samning

útboðsskilmála og sendi einn af nefndarmönnum til hans í þeim erindum. Tókst hann verkið á hendur, og fullgerði það fyrir lok marzmánaðar s. á. — Voru gögn þau til undirbúnings útboðinu, er Krabbe hafði samið, lögð fyrir hafnarnefndina í aprílmánuði s. á., og samþykkt af henni með litlum breytingum, og samkvæmt þeim var svo hafnargerðin boðin út með auglýsingu borgarstjóra í maí s. á. Fyrir verk sitt krafðist Th. Krabbe borgunar úr hafnarsjóði kr. 3000,00 og sendi hafnarnefndinni reikning fyrir þeirri upphæð, en nefndin taldi 2500 kr. vera sæmilega borgun fyrir starfið, og þegar til bæjarstjórnarinnar kom, vildi hún eigi heldur borga síðarnefnda upphæð, en samþykkti »eftir atvikum« að greiða Krabbe 1000 kr. fyrir starf hans. Þar sem hann nú eigi vildi láta sér lynda þessa borgun og bæjarstjórnin eigi vildi þekkjast tilboð hans um að leggja ágreininginn í gerð, hóf hann mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfryjendunum bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkur, og lauk því svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 14. ágúst f. á., að áfryjendurnir voru dæmdir til að greiða stefnda Th. Krabbe 3000 kr. með 5% ársvöxtum frá 17. okt. 1912 til greiðsiudags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hafa áfryjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. sept. f. á. og krafist þess aðallega, að honum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda, en til vara, að krafa hans verði lækkuð um 2000 kr. eða þá upphæð, er rétturinn telji hæfilega, og hvernig sem málið fer, krefjast þeir málskostnaðar fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst af sinni hálfu staðfestingar á bæjar-

Þingsdóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Aðalkröfu sína, um sýknuun í málinu, byggja áfrýjendur á því, að stefndi sé ráðinn í þjónustu landsstjórnar og héraðsstjórna gegn ákveðnu föstu árskaupi, sé fjárveitingin til hans á fjárlögnum 1912—1913 orðuð svo: »til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnnum«, og aðstoð hans við undirbúning hafnargerðarinnar verði þannig að teljast til þessa starfa, er hann sé ráðinn til og fái borgun fyrir úr landssjóði samkvæmt tilvitnuðu ákvæði fjárlaganna, og hafi því eigi átt að kosta bæjarsjóðinn neitt.

Gegn þessari varnarástæðu áfrýjenda tekur stefndi það fram, að landsstjórnin ein ráði því, hvenær og hvar aðstoð verkfræðings sé látin í té, héraðsstjórnir ráði engu um það, en verði að snúa sér til landsstjórnarinnar í því efni, og verkfræðingnum sé því að eins skylt að veita héraðsstjórnnum aðstoð, að landsstjórnin leggi svo fyrir hann, en það hafi hún eigi gert að því er kemur til undirbúnings hafnargerðarinnar. Ennfremur staðhæfir stefndi, að það hafi eigi verið tilætlunin með þessa fjárveitingu, að henni yrði varið til að útvega Reykjavíkurborg aðstoð verkfræðings, enda hafi beint talast svo til milli landsstjórnarinnar og stefnda, er honum var falið starfið, að honum yrði eigi lagt fyrir að starfa í þarfir Reykjavíkur án sérstakrar borgunar.

Þó að þessar síðasttöldu staðhæfingar stefnda um að Reykjavík hafi eftir tilætlun fjárveitingarinnar og samningi eða samkomulagi stefnda við landsstjórnina, átt að fara algerlega á mis við ókeypis aðstoð hans, sem eingöngu sé ætluð öðrum héraðsstjórnnum landsins, séu vé-

fengðar og ósannaðar, enda engin heimild fyrir þeim í fjárlögnum, þá er hitt rétt, að það er á valdi landsstjórnarinnar, hvar og hvenær aðstoð verkfræðingsins er notuð, og að honum er að eins skylt að láta hana í té eftir fyrimælum hennar. Það er nú að vísu svo, að í fyrgreindu bréfi til stjórnarráðsins 9. des 1911 beiddist borgarstjóri aðstoðar stefnda til samninga um hafnargerðina við útlendan verkfræðing, og að ekkert varð af þeim samningum, en svar stjórnarráðsins virðist vera þannig orðað, að í því felist einnig heimild til að nota aðstoð stefnda til undirbúnings útboði á hafnargerðinni, enda er hér um að ræða samskonar störf við sama fyrirtækið, hafnargerðina, svo að eigi verður gert ráð fyrir, að stjórnarráðið mundi vilja heimila aðstoð stefnda til annars starfsins, en ekki hins, og eigi hefir verið beat á neina ástæðu, er geri slíkt sennilegt. Sé það rétt, sem hér er talið, að heimild sú, er stjórnarráðið veitti áfrýjendum til að nota aðstoð stefnda, hafi einnig náð til starfs þess, er hann leysti af hendi til undirbúnings hafnargerðarútboðinu, þá verður ekki annað ætlað, en að sú heimild hafi verið veitt samkvæmt fjárlögnum, þannig að eigi hafi átt að koma önnur borgun fyrir verkið, en þar er ákveðin, nema öðruvísi hafi verið umsamið við stefnda.

En nú er það viðurkent í málinu, að hafnarnefndin hafi, er hún sneri sér til stefnda eftir fundinn 5. janúar 1912, heitið honum borgun fyrir starfið, er skyldi ákveðin síðar, þegar það sæist, hversu umfangsmikið verkið yrði. Því er að vísu haldið fram af áfrýjendum, að hafnarnefndin hafi eigi verið bær um að skuldbinda hafnar-sjóðinn til neinna fjáruhláta í þessu skyni, því að það hafi bæjarstjórnin ein getað gert, en þar sem hafnarnefnd var

Hér í bæjarstjórnarinnar stað, þar sem eigi verður talið óeðlilegt, er um svo áriðandi starf var að tefla sem undirbúning hafnargerðarútbóðsins, að stefnda væri heitið sérstakri borgun, og bæjarstjórnin virðist hafa viðurkent þetta með því að samþykkja að greiða honum álitlega upphæð fyrir starfið, og þar sem eigi verður litið svo á og því er eigi heldur haldið fram, að stefndi hafi stöðu sinnar vegna eigi mátt taka á móti sérstakri borgun, þá gat hann gert sér réttmæta von um, að loforði hafnarnefndarinnar yrði fullnægt, og verður því að telja, að hann eigi tilkall til hæfilegrar aukaborgunar fyrir starf sitt.

Aðalkröfu áfryjenda um fulla sýknun af kröfum stefnda þykir, samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, ekki eiga að taka til greina, en varakrafan um niðurfærslu á borguninni til stefnda, kemur þá til álita.

Stefndi hefir miðað kröfu sína að nokkru leyti við borgun fyrir samskonar verk eftir verðskrá danskra verkfræðinga, en í þessari verðskrá er borgun talin í hundradsgjöldum af þeirri upphæð, er áætlað er, að kostnaður við mannvirkið muni nema, og lætur stefndi þess getið, að það sé orðin venja verkfræðinga hér á landi, að reikna kaup fyrir verk sín á grundvelli þessarar verðskrár. Af áfryjenda hálfu er þessu neitað, og því yfirleitt mótmælt, að neitt verði byggt á nefndri verðskrá um borgun fyrir starf stefnda, með því að kauphæðir þær, sem þar eru taldar, séu ekki í neinu sennilegu hlutfalli við borgun, er greidd sé fyrir neitt annað starf hér á landi. Það verður nú eigi heldur eftir öllum málavöxtum talið rétt, að meta kröfu stefnda eftir þessum mælikvarða eða með hliðsjón af honum, enda virðist stefndi og maður sá, er við hann samdi fyrir hönd hafnarnefndarinnar, eigi hafa ætlast til,

að svo yrði gert, því að þeim kom saman um, að um borgun yrði eigi samið fyrir en eftir á, er séð væri, hve mikið verk stefndi inti af hendi, og hafa þannig eigi gert ráð fyrir, að borgunin yrði talin í hundraðsgjöldum af áætluðum kostnaði við hafnargerðina. Það verður eftir þessu að telja réttara, að ákveða borgunina til stefnda eftir því, hve mikið verk hann hefir unnið og hve mikinn tíma og fyrirhöfn hann hefir lagt í það.

Á fundinum 28. des. 1911 samþykkti bæjarstjórnin að gera höfnina og bjóða út verkið á grundvelli áætlunar Gabriels Smiths, norsks verkfræðings, um hafnargerðina. Áætlun og uppdrætti eftir þennan verkfræðing hafði stefndi fyrir sér og bygði að miklu leyti á þeim verk það, er hann afhenti hafnarnefndinni, en það var lýsing á hafnargerðinni að efni og frágangi, útboðsskilmálar almennir og sérstakir og uppdrættir af öllum mannvirkjunum. Stefndi hélt því fyrst fram, að verk Smiths hefði að mestu leyti verið gert að eins í stódráttum (verið »skitseret Projekt«) og fyrir því hefði verk stefnda einnig að mestu leyti orðið að vera sundurliðuð greinargerð fyrir einstökum atriðum (»detailleret Projekt«), en að álitu tveggja verkfræðinga, sem fengið var að tilhiutun stefnda, fullnægði áætlun Smiths í öllum venjulegum atriðum þeim kröfum, sem gerðar eru til »detailleret Projektering« eftir launareglum danskra verkfræðinga, og verður að byggja á þessu álitu, sem stefndi hefir ekki véfengt. Starfið tók stefnda tæpa 3 mánuði, og sjálfur nefnir hann það aukavinnu, er hann þá hefir leyst af hendi við hliðina á skyldustörfum sínum í þarfir landsstjórnarinnar. Kostnað við starfið hafði stefndi engan, en borgun fyrir aðstoð, er hann áskildi sér var greidd úr hafnarsjóði. Þá verður

og á það að líta, að áfryjendur áttu samkvæmt fjárlög-
unum tilkall til ókeypis aðstoðar stefnda eigi síður en
aðrar héraðsstjórnir, og gat hann því eigi, þó að honum
væri lofað sérstakri borgun, búist við svo fullu endur-
gjaldi fyrir starf sitt, sem hann hefði getað krafist af öðr-
um, er eigi áttu tilkall til aðstoðar hans.

Að öllu þessu athuguðu og með tilliti til þess hins
vegar, að starf stefnda virðist hafa verið all-umfangsmikið,
að það var mikils varðandi fyrir hafnargerðina og að hún
var boðin út samkvæmt því, virðist borgun til stefnda
fyrir þetta starf hans hæfilega ákveðið 1500 kr., og ber
áfryjendum að greiða honum þessa upphæð með vöxtum,
eins og segir í bæjarþingsdóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður
fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjendurnir, bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykja-
víkur, greiði stefnda Th. Krabbe verkfræðing 1500
krónur með 5% ársvöxtum frá 17. okt. 1912 til
greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum dómum
fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðn-
ar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.